

vöxtum frá 1. júlí 1916 til greiðsludags. Til greiðslu hins ídæmda með kostnaði við aðför og uppboð er áfrýjanda rétt, að undangengnu fjárnámi, að láta selja nefnt skip »Reaper«, eign stefnda Þórarins Egilson, Ólafs V. Davíðssonar og D. H. Bookless.

Málskostnaður fyrir undirrétti fellur niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinir stefndu Þórarinn Egilson, Ólafur V. Davíðsson og D. H. Bookless áfrýjanda in solidum með 40 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 16. apríl 1917.

Nr. 3/1917.

Siggeir Torfason
gegn

Sigurði Ingimundarsyni.

D ó m u r :

Áfrýjandi, Siggeir Torfason kaupmaður í Vestmannaeyjum höfðaði mál þetta fyrir gestarétti þar gegn stefnda, Sigurði Ingimundarsyni útgjörðarmanni sama staðar til greiðslu á verzlunarskuld að upphæð kr. 448.75, en með dómi gestaréttarins uppkveðnum 19. ágúst f. á., voru aðeins 125 kr. 85 a. af þessari kröfu með vöxtum frá 23. febr. 1912 teknar til

greina, en stefndi sýknaður að öðru leyti og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandi hefir skotið dómi þessum til yfirdómsins með stefnu útgefinni 22. jan. þ. á. og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 448 kr. 75 a. með 5% ársvöxtum frá 23. febr. 1912 til greiðsludags, en vaxtakröfunni hefir hann síðar breytt þannig, að vextir teljist frá 1. jan. 1913, svo krefst hann og málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. En til vara krefst hann staðfestingar á gestaréttardómnum og málskostnaðar eins og sagt var.

Stefndi hefir eigi mætt í yfirdóminum og enginn af hans hendi, og hefir honum þó verið löglega stefnt. Verður málið því samkvæmt N.L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. dæmt eftir skjölum þeim, er áfrýjandi hefir lagt fram.

Hin umstefnda skuld stafar frá verzlunarviðskiftum, og hefir stefndi í bréfi dags. 5. apríl 1914 til málafærslumanns áfrýjanda kannast við að skulda áfrýjanda 125 kr. 85 a. af upphæðinni, og heldur því ekki fram að hann síðar hafi greitt þá upphæð. En mismuninn 322 kr. 90 a. hefir stefndi mótmælt að greiða. Er sú upphæð andvirði fyrir vörur, er áfrýjandi sendi stefnda eftir beiðni hans 23. janúar 1912, en stefndi meðtók eigi, með því að gufuskipið »Hólar«, sem vörurnar voru sendar með, náði eigi að skila þeim af sér í Vestmannaeyjum, þó að skipið kæmi þar við í þeirri ferð, og hefir þessi vörusending eigi síðar komið fram. Stefndi telur sér nú óskilt að greiða andvirði hennar, og færir til þær

ástæður, að vörurnar hafi verið sendar með öðru skipi en hann áskildi, að áfrýjandi hafi eigi váttrygt vörurnar eins og venja sé að gjöra og verði því sjálfur að bera tjón það, sem vanræksla hans í þessu efni hafi valdið og loks að krafan sé fyrnd samkvæmt lögum nr. 14, 20. okt. 1905 um fyrning skulda og annara kröfuréttinda, 3. gr. tölulið 1, þar sem hér hafi eigi verið um að tefla föst eða óslitin viðskifti.

Áfrýjandi mótmælir öllum þessum varnarástæðum stefnda, bæði því, að stefndi hafi tilnefnt neitt skip, er vörurnar skyldu sendar með, en þær hafi verið sendar, með fyrstu skipsferð, og því að það sé venja að váttryggja vörur hafna á milli innanlands, og hann heldur því fram, að stefndi hafi átt við sig föst viðskifti.

Í bréfi dags. 13. jan. 1912, er stefndi ritaði áfrýjanda til að biðja hann að senda sér vörurnar, er eigi minst á það, með hverju skipi vörurnar skuli sendar, og að öðru leyti hefir stefndi eigi sannað, að hann hafi áskilið neitt um þetta. Eigi hefir stefndi heldur sannað, að það sé venja vörusendenda að váttryggja vörur milli héraendra hafna, sízt þegar um smáar sendingar sé að ræða, nema þess sé beiðst af viðtakanda, en í fyrnefndu bréfi stefnda til áfrýjanda eru engin tilmæli um það, enda virðist það hér engu skifta, hvort vörurnar voru váttryggðar eða eigi, þar sem ætla verður að þær hafi misfarist vegna vanskila, en eigi fyrir sjóskemdir eða sjótjón. Stefndi heldur því fram, að viðskiftum þeirra áfrýjanda hafi verið þannig háttað, að greiðsla (»uppgjör«) hafi átt

að fara fram við móttöku vörusendingarinnar á afhendingarstað, og verði því að telja gjalddaga greiðslunnar fyrir áminsta vörusendingu 23. jan. 1912, þegar hún, að sögn áfrýjanda, hafi verið afgreidd af honum. Af skjölum málsins verður þetta þó eigi ráðið, en þau virðast fremur benda til hins gagnstæða, bæði fyrnefnt bréf stefnda til áfrýjanda, sem sýnir, að stefndi var þá í skuld við áfrýjanda, út af fyrri viðskiftum þeirra, svo og það, að stefndi fékk áfrýjanda í tryggingarskyni 5000 kr. lífsábyrgðarskirteini, er ætla verður að hafi átt að vera til tryggingar viðskiftunum, sem því virðast hafa verið byggð á lánstrausti og gjört ráð fyrir að yrðu framhaldandi. Stefndi hefir þannig eigi sannað, gegn mótmælum áfrýjanda, að viðskiftum þeirra hafi verið þannig háttað, sem hann heldur fram, og með því að hér er um verzlunarskuld að ræða og eindagi hennar að því er til fyrningar kemur, ber samkvæmt 5. gr. i. málsgreinar fyrnefndra fyrningarlaga að telja 31. des. það ár, sem hún var stofnuð, nema öðruvísi sé umsamið, sem hér er ósannað, þá verður eigi litið svo á, að skuldin hafi verið fyrnd þegar mál þetta var höfðað 19. júní 1916. Þar sem nú enginn vafi getur verið á því, að vörurnar, sem stefndi pantaði fyrirvaralaust, hafi verið sendar á hans ábyrgð, verða mótmæli hans gegn kröfunni eigi talin á rökum byggð. Það ber því að taka til greina fulla upphæð kröfu áfrýjanda og dæma stefnda til að greiða honum 448 kr. 75 a. með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1913 til borgunardags.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, og ákveðst hann 60 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Ingimundarson, greiði áfrýjanda, Siggeiri Torfasyni, 448 kr. 75 a. með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1913 til greiðsludags, og í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi 60 kr.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 16. apríl 1917.

Nr. 22/1917.

Réttvisin
gegn

Guðmundi Kristjánssyni.

Úrskurður:

Með því að rannsóknardómarinn hefir ekki yfirheyrt fyrir rétti neinn þeirra manna, er upplýsingar gætu gefið í máli þessu, aðra en ákærða sjálfan, son hans og konu, er nauðsynlegt áður en dómur verður lagður á málið, að fengnar verði með ítarlegri réttarprófum skýrslur, sem hér segir: